



KAABER
HÚSÍÐ

KAABER

EDAL
KAFFI



KAABER
HÚSIÐ

FÍTON

EDAL
KAFFI

KAABER
HÚSIÐ

**AUGLÝSINGA
MIÐLUN**

EDAL
KAFFI

KAABER
HÚSIÐ

KANSAS

EDAL
KAFFI

KAABER
HÚSIÐ

SKAPALÓN

EDAL
KAFFI

KAABER
HÚSIÐ

**MIÐ
STRÆTI**

EDAL
KAFFI



Kaaberhúsið – kraftmeiri blanda

Kaaberhúsið við Sætún hefur mikla sérstöðu í íslenskum markaðsmálum. Þar er að finna kraftmikla fjölskyldu ólíkra en samstilltra fyrirtækja sem liðsinna metnaðarfullu markaðsfólki við að ná markmiðum sínum.


Þessi fimm fyrirtæki eru: Auglýsingastofan Fíton, birtinga- og markaðsstofan Auglýsingamiðlun, hreyfimyndafyrirtækið Miðstræti og vefstofan Skapalón að ógleymdu því nýjasta: Kansas, sem sérhæfir sig í markaðssetningu á netinu.

Í Kaaberhúsinu starfar því stærsti hópur hæfileikafólks á öllum sviðum markaðs- og kynningarmála

sem hægt er að finna undir einu þaki á Íslandi. Viðskiptavinir geta að sjálfsögðu leitað til hvers og eins fyrirtækis en sameinaðir kraftar allra gefa kost á öflugri miðlun skilaboða, þvert á miðla og um leið hnitmiðaðri nálgun en íslenskt markaðsfólk á að venjast.

Kaaberhúsið er kraumandi suðupottur hugmynda og hönnunar fyrir alla miðla – og er allt unnið eftir vel skipulögðum verkferlum með það að markmiði að ná betri árangri fyrir viðskiptavini.

Komdu í kaffi í Kaaberhúsinu og kannaðu hvað við getum gert fyrir þig.



KAABER
HÜSID

FÍTON

EDAL
KAFFI



Fíton er ein af stærstu og þekktustu auglýsinga- og markaðsstofum landsins. Hún státar af 29 manna hópi fagfólks í markaðsmálum, stefnumótun, hugmyndavinnu og hönnun. Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar því metnaður okkar er að skila sem mestum árangri með vel mótaðri og áhrifaríkri miðlun skilaboða. Fíton var valin besta auglýsingastofa landsins á Íslandi árin 2010 og 2011.



KAABER
HÚSÍÐ

AUGLÝSINGA
MIÐLUN

EDAL
KAFFI



Auglýsingamiðlun er skapandi fyrirtæki á sviði birtinga- og markaðsráðgjafar. Hlutverk fyrirtækisins er að tryggja að markaðsfé viðskiptavina sé varið á markvissan hátt og að skilaboð þeirra til markhóps hverju sinni skili tilætluðum árangri. Góður árangur á því sviði er engin tilviljun heldur byggja ráðgjöf og birtingaáætlanir á faglegum rannsóknum og ítarlegri greiningu á öllum þeim markaðsgögnum sem í boði eru.



KAABER
HÚSID

SKAPALÓN

EDAL
KAFFI



*SKAPALÓN

Skapalón er öflug og þjónustudrifin vefstofa sem leggur áherslu á náið samstarf við viðskiptavinina. Skapalón leysir öll verkefni sem tengjast netinu og markaðssetningu á vefmiðlum auk þess að smíða forrit, til dæmis öpp fyrir snjallsíma. Skapalón fékk alls sjö tilnefningar til íslensku vefverðlaunanna árið 2012, þar af tvær fyrir farsímavefi.



KAABER
HÚSID

KANSAS

EDAL
KAFFI



Kansas

Kansas sérhæfir sig í ráðgjöf og stefnumótun í rafrænum miðlum. Framkvæmdastjóri Kansas er Andri Már Kristinsson, sem starfað hefur hjá Google í Dublin undanfarin ár. Breytingar á fjölmiðla- og netnotkun hefur í för með sér auknar kröfur um markvissa markaðssetningu á netinu og til farsímanotenda. Í því felst meðal annars leitarvéla- bestun, markviss sókn á samfélagsmiðlum og útfærsla skilaboða til notenda snjallsíma, en tæpur helmingur þeirra farsíma sem seldir eru á Íslandi í dag eru snjallsímar.

KAABER
HÚSIÐ

MID STRETI


EDAL
KAFFI





MIÐSTRÆTI

Miðstræti er leiðandi fyrirtæki í hugmyndavinnu og framleiðslu á grafískum hreyfimyndum, bæði í tví- og þrívídd. Til dæmis eru Vodafone froskurinn og Iceland Express fuglinn skilgetin afkvæmi fyrirtækisins sem einnig hefur vakið athygli fyrir snjallar og framsæknar netauglýsingar sem byggja á flash forritun. Miðstræti hefur getið sér gott orð fyrir hagkvæmar lausnir og skjót vinnubrögð sem geta t.d. opnað vörumerkjum sem hafa ekki úr miklu að spila leið inn í sjónvarpstæki landsmanna.





Krossmiðlun fæst í Kaaberhúsinu

Krossmiðlun er áhrifaríkasta miðlun skilaboða sem völ er á. Þá er sterk auglýsingahugmynd og skilaboð þróuð þannig að auðvelt sé að útfæra þau í ólíka miðla, þannig að styrkleikar hvers miðils, t.d. sjónvarps, samfélagsmiðils eða umhverfisgrafíkur, nýtist til fulls. Þessi hugsun setur mark sitt á allt það starf sem fram fer í Kaaberhúsinu, ekki síst vegna þess að breytingar á fjölmiðlaneyslu og netnotkun kalla á ný vinnubrögð þegar ná þarf til mikilvægra markhópa. Komdu við í Kaaberhúsinu til að fá að vita meira um þessa nýju nálgun í markaðsmálum.

KAFFIBRENNSLA

Ó JOH

